



101. Héraðsþing UMSK

Haldið laugardaginn 22. mars 2025 kl. 11:00 í veislusal Handknattleiksfélags Kópavogs

1. Þingsetning.

Guðmundur Sigurbergsson, formaður UMSK, setur þingið.

2. Kosning þingforseta.

Guðmundur stingur upp á Flosa Eiríkssyni og er það samþykkt.
Flosi fer yfir boðun þingsins og lýsir því yfir að til þess sé löglega boðað.

3. Kosning þingritara.

Guðmundur stingur upp á Margréti Dögg Halldórsdóttur og er það samþykkt.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Flosi Eiríksson tekur til máls og bendir á að síðar á fundinum verði sjálfkjörið í stjórn ásamt því að engar þungavigtartillögur liggi fyrir þinginu. Hann leggur því til að hann fái sjálfur að taka að sér hlutverk kjörbréfanefndar ásamt starfsmönnum fundarins. Tillagan er samþykkt.

5. Kynning frá HK

Alexander Arnarson varaformaður HK tekur til máls og kynnir starf félagsins, sögu og uppbyggingaráform. Hann flutti kveðju fá aðalstjórn HK sem fagnar því að hýsa ársþing UMSK í ár.

6. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Guðmundur Sigurbergsson fer yfir skýrslu stjórnar og leggur fram ársskýrslu sambandsins 2024

7. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.

Þorsteinn Þorbergsson, gjaldkeri UMSK kynnir reikninga sambandsins en þá er að finna á bls. 44 í ársskýrslu UMSK. Þorsteinn hvetur félög til að sækja um styrki úr sjóðum sambandsins og skýrir lauslega frá hverjum sjóði. Hann leggur til að reikningar sambandsins verði samþykktir enda séu þeir undirritaðir af þingkjörnum skoðunarmönnum sambandsins eins og ráð er fyrir gert.

8. Ávörp gesta.

Valdimar Leó, fulltrúi frá ÍSÍ ávarpar þingið og veitir viðurkenningar ásamt Hafsteini Pálssyni.

Valdimar Leó flytur kveðju frá stjórn og starfsfólki ÍSÍ og fer lauslega yfir mikilvægi skila á starfsskýrslum íþróttafélaga og minnir á sjóði íþróttahreyfingarinnar, sér í lagi nýstofnaðan hvatasjóð sem veitt var úr í fyrsta sinn í fyrra. Að venju eru ýmsir viðburðir framundan hjá ÍSÍ sem hann minnst á. Valdimar lýsir skoðun sinni á mikilvægi öflugra samninga íþróttafélaga við viðkomandi sveitarfélög og hvað

mikilvægt er að líta á starfið sem mikilvæga þjónustu við sveitarfélögin sem beri að verðmeta sem slíka.

Fyrir hönd stjórnar ÍSÍ veittu Valdimar og Hafsteinn eftirfarandi heiðursviðurkenningar;

Silfurmerki ÍSÍ

Flosi Eiríksson, Breiðablik
Viktoría Gísladóttir, Breiðablik
Gunnþór Hermannsson, HK
Valdís Árnadóttir HK

Gullmerki ÍSÍ

Pétur Ómar Ágústsson, Breiðablik
Ragnar Gíslason, HK

Tilkynnt var um að Heiðurskross ÍSÍ verður veittur Þórði Guðmundssyni, Breiðabliki en hann er fjarverandi vegna veikinda og fær viðurkenninguna afhenta í næstu viku

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ ávarpar þingið.

Færir kveðju frá stjórn og starfsfólki UMFÍ. Íþróttahreyfingin öll standi á ákveðnum tímamótum um þessar mundir og ýmsar blikur á lofti. Mikilvægt að staðið sé saman og leiðir eflidar sem færar eru til að efla starfið og stuðning við einstök félög. Ræðir framtíðarsýn svæðisskrifstofanna og að þær gefi aukinn samskiptamöguleika milli sambanda. Ýmislegt jákvætt sé þegar komið fram í starfi skrifstofanna. Þá hrósar Jóhann UMSK, ÍBR og ÍBH fyrir samstarf á vettvangi fjármála íþróttafélaga, sérstaklega hvað varðar nýtilkomnar breytingar á skattaumhverfi íþróttafélaga.

Fyrir hönd stjórnar UMFÍ veitti Jóhann eftirtöldum aðilum starfsmerki UMFÍ;

Ásgeir Baldursson, Breiðabliki
Níels Einarsson, HK
Ragnheiður M. Ólafsdóttir, Gerplu

9. Álit kjörbréfanefndar.

Flosi lýsir álit kjörbréfanefndar en hann hefur þegar kynnt að fundurinn sé löglegur og kjörbréfum hafi verið skilað á viðunandi hátt.

10. Staðfesting á aðild nýrra félaga.

Engin ný félög hafa sótt um aðild á árinu.

11. Umræður um skýrslu stjórnar.

Ásgeir Baldurs, formaður Breiðabliks kvað sér hljóðs og ræddi vonbrigði sín með aðkomu ÍSÍ að starfsumhverfi íþróttafélaga og skattamál. Þá hrósaði hann UMSK fyrir frumkvæði að fundi og umræðum um málefnið en benti á að enginn fulltrúi ÍSÍ kom til þess samtals sem honum þótti miður og lítill áhugi virðist vera á að bæta úr. Vissulega þarf að fara eftir lögum en nú snúi það þannig að hann td. sé ábyrgur og hafi refsíábyrgð gagnvart skattalögum. ÍSÍ þurfi að kynna sér betur starfsemi félaganna og frumkvæðið af slíku þarf að vera af hálfu ÍSÍ. Hann hvetur stjórn ÍSÍ til að gera betur og segir það ekki boðlegt að ekki hafi verið barist betur fyrir þjóðarleikvangi af hendi ÍSÍ. Það skorti mótmæli frá íþróttahreyfingunni vegna stöðunnar. Það sé of lítið að gerast í málefninu, íþróttir eru menning og einkenni þjóðar.

Þá segir Ásgeir í tengslum við fjárframlög til Starfsstöðvarnar íþróttahreyfingarinnar að þar sé ekki nægilega vel farið með fé. Íþróttahreyfingin þurfi að varast að stækka báknið og ekki fjölga skrifstofustörfum, mikil þekking og gögn sé innan einstakra íþróttafélaga sem vel væri hægt að nýta, sjálfsagt hafi verið að styðja við starf á landsbyggðinni og þar sem þurfti en mögulega sé soun að starfa flatt yfir um allt land.

Guðmundur Sigurbergsson tekur til máls og þakkar Ásgeiri og telur mikilvægt að nýta vettvang sem þennan til að koma skilaboðum til framvarðarsveitar íþróttahreyfingarinnar.

12. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.

Enginn kvað sér hljóðs og voru reikningar samþykktir samhljóma.

Hlé á þinghaldi: Viðurkenningar UMSK afhentar:

Hvatningarverðlaun UMSK 2025

Körfuknattleiksdeild Aftureldingar
Knattspyrnufélag Garðabæjar
Dansdeild HK

Félagsmálaskjöldur UMSK 2025

Sigurður Viðarsson, HK

Íþróttakona UMSK 2024

Thelma Aðalsteinsdóttir, fimleikakona í Gerplu

Íþróttakarl UMSK 2023

Ægir Þór Steinarsson, körfuknattleiksmaður í Stjörnunni

Lið ársins 2023

Mfl. kvk í hóp fimleikum, Stjörnunni

13. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.

Engar nefndir skipaðar á þinginu.

14. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.

Þorsteinn Þorbergsson fer yfir fjárhagsáætlun ársins 2025

TILLAGA 1.

101. ársþing UMSK haldið hjá HK

Tillaga að fjárhagsáætlun UMSK 2025 - Frá stjórn UMSK

101. ársþing UMSK haldið 22. mars 2025 samþykkir eftirfarandi áætlun fyrir árið 2025

Fjárhagsáætlun UMSK 2025

Áætlun 2025

Tekjur:

Íslenskar Getraunir	4.500.000
Lottó ÍSÍ	99.088.470
Lottó UMFÍ	51.270.982
Aukagreiðsla Lotto	0
Skattar aðildarféлага	3.200.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	0
Aðrir styrkir og tekjur	1.000.000
Tekjur samtals	159.059.452

Rekstrargjöld

Lottó úthlutað til aðildarféлага	118.783.967
Úthlutað úr Afreksmannasjóði	10.525.162
	129.309.128

Laun:

Laun og launatengd gjöld	16.550.000
Laun samtals	16.550.000

Rekstur skrifstofu

Áhöld og búnaður	300.000
Bókhald, reikningagerð	800.000
Húsaleiga, annar húsnæðiskostnaður	1.140.000
Ritföng, pappír, prentun	50.000
Sími og net	330.000
Tölvukostnaður (tæki, kerfi, leyfi)	750.000
Rekstur skrifstofu samtals	3.370.000

Lagt í sjóði

Lagt í fræðslu- og verkefnasjóð	7.000.000
Lagt í sjóði samtals	7.000.000

Verkefni, viðburðir og styrkir

Framlög og styrkir	700.000
Stuðningur við íþróttaviðburði og félagsstarf	600.000
Verðlaun/viðurkenningar	200.000
Verkefni og viðburðir	1.300.000
Þing og sérráð	1.500.000
Verkefni og viðburðir samtals	4.300.000

Annar kostnaður:

Aðkeypt þjónusta	200.000
Ferðakostnaður	300.000
Fræðsla og endurmenntun	200.000
Geymsluhúsnæði	315.000
Tryggingar	20.000
Veitingar, fundakostnaður	800.000
Stjórnunarkostnaður	600.000
Annar kostnaður samtals	2.435.000

Afskriftir 0

Rekstrargjöld samtals 162.964.128

Vaxtatekjur	6.600.000
Greiddar vaxtatekjur til Afrekssjóðs	- 1.500.000
Gengismunur	-
Vaxtagjöld, fjármagnssk., þjónustugj.	- 700.000
Aukagreiðsla til aðildarfélaga	-
	<u>4.400.000</u>

Afkoma ársins **495.323**

Fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt.

15. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.

Engar breytingatillögur liggja fyrir þinginu.

16. Aðrar tillögur lagðar fram.**a) Tillaga frá stjórn UMSK um aðildargjöld félaga 2024**

101. héraðsþing UMSK, haldið 22. mars 2025, samþykkir að fjárhæð aðildargjalda

aðildarfélagi UMSK taki ekki breytingum milli ára nema héraðsþing ákvarði annað.

Aðildargjöld 2025 verði því óbreytt frá fyrra ári.

Samþykkt samhljóða.

b) Félögum vísað úr UMSK

Engin tillaga um slíkt

17. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.

Engar nefndir störfuðu á þinginu

18. Afgreiðsla á áliti nefnda.

Engar nefndir störfuðu á þinginu

19. Önnur mál.

20. Kosningar, kjörnefnd skilar áliti.

Floki lýsir því yfir að kjörbréf séu í lagi og öllum formlegum fyrirvörum fyrir fundinum sé að fullu sinnt og í góðu lagi.

21. Kosning formanns til tveggja ára

Guðmundur Sigurbergsson gefur kost á sér og telst sjálfkjörinn þar sem ekki bárust fleiri framboð.

22. Kosning tveggja stjórnarmanna til 2 ára.

Tveir einstaklingar gefa kost á sér;
Geirarður Long og Þorsteinn Þorbergsson.

Teljast þau sjálfkjörin þar sem ekki bárust fleiri framboð

23. Kosning þriggja manna í varastjórn til 1 árs.

Þrír einstaklingar gefa kost á sér;
Rakel Másdóttir, Sigurjón Sigurðsson og Matthildur B. Stefánsdóttir

Teljast þau sjálfkjörin þar sem ekki bárust fleiri framboð

24. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Tillaga liggur fyrir um að skoðunarmenn reikninga sambandsins árið 2025 verði;
Magnús Gíslason, HK og Kristján Sveinbjörnsson, Álfanesi en til vara verði
Pétur Hrafn Sigurðsson, Breiðablik og Einar Ingi Hrafnsson, Aftureldingu

Tillagan er borin upp og hún samþykkt.

25. Kosning annarra embætta ef þurfa þykir

24. a) Kosning 4 manna í stjórn Afrekssjóðs

Tillaga um óbreytta stjórn frá fyrra ári lögð fram

Sólborg Sumarrós Sigurðardóttir, Gerpla
Ellen Dröfn Björnsdóttir, DÍK
Jóhann Þór Jónsson, Breiðablik
Halldór Orri Björnsson, Stjarnan

Tillagan borin upp og hún samþykkt.

26. Þingslit.

Guðmundur þakkar fundarmönnum fyrir komuna, slítur þingi og óskar öllum góðrar heimferðar.